

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi golfvallar á Blikastaðanesi, Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur þann 13. desember 2006 í samræmi við 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt breytingu á deiliskipulagi golfvallar á Blikastaðanesi. Í breytingunni felst lítilsháttar stækkun á byggingarreit fyrir golfskála og um leið færsla hans fjær byggð við Þrastarhöfða, auk hækkana á leyfðri hæð og hámarksstærð hússins.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 með síðari breytingum mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

F.h. Mosfellsbæjar, 15. janúar 2007,

Finnur Birgisson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 26. janúar 2007